

Umboð

Stjórn Reykjastrætis ehf., kt. 570516-0860, Lágmúla 7, 108 Reykjavík (hér eftir „félagið“), veitir hér með Ólafi Þór Jóhannessyni, kt.130572-3409, fjármálastjóra og prókúruhafa félagsins (hér eftir „umboðsmaður“), fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita eða með öðrum hætti fullnusta:

1. Útgáfulýsingu og útgáfusamning vegna skuldabréfaflokka, að nafnverði allt að 15.000.000.000 (fimmtán milljarðar króna), vegna útgáfu þeirra hjá Nasdaq CSD, útibúi á Íslandi, sem og öll þau skuldaskjöl sem kunna að vera gefin út undir grundvelli útgáfulýsingarinnar. Umboðsmanni er heimilt að taka ákvörðun um skilmála skuldabréfanna, þ.m.t. um vaxtakjör þeirra og aðra skilmála.
2. Lýsingu og umsókn um staðfestingu lýsingar, sem og umsókn um töku framangreindra skuldabréfaflokka til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.
3. Öll skjöl í tengslum við skilmálabreytingar á lánasamningum félagsins hjá Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf., þ.m.t. um skuldskeytingu viðkomandi lána til félagsins.
4. Öll skjöl í tengslum við almennt tryggingafyrirkomulag félagsins, þ.e. undirritun á veðhafa- og veðgæslusamningi, samningi við umboðsmenn kröfuhafa og samningi við staðfestingaraðila.
5. Öll skjöl er snúa að veðsetningum á fasteignum félagsins eða dótturfélaga þess í tengslum við ofangreint almennt tryggingafyrirkomulag sem og aðra fjármögnun félagsins, þar með talið en ekki eingöngu hvers kyns tryggingarbréf, veðsamninga, veðskjöl, veðleyfi, tilkynningar, skilmála, ályktanir, fundargerðir hluthafafunda dótturfélaga og samninga sem tengjast veðsetningu á fasteignum félagsins eða dótturfélaga þess. Til að taka af allan vafa hefur umboðsmaður ótakmarkað umboð til að binda félagið með öðrum skjölum sem tengjast ofangreindu, hvaða nöfnum sem þau nefnast.
6. Öll önnur skjöl í tengslum við framangreint sem umboðsmaður metur nauðsynleg til að ná framangreindum markmiðum.

Allt sem umboðsmaður framkvæmir vegna framangreinds skal hafa sömu þýðingu að lögum og ef við, undirritaðir stjórnarmenn Reykjastrætis ehf., hefðum gert í krafti stöðuumboðs okkar.

Umboð þetta skal gild til 31. desember 2025

Um umboðið gilda íslensk lög.

Þannig samþykkt í Reykjavík, 8. júlí 2025.

Í stjórn Reykjastrætis ehf.




Halldór Ólafur Halldórsson

Halldór Ólafur Halldórsson, stjórnarformaður




Ólafur Þór Jóhannesson

Vottar að réttri undirritun og dagsetningu.



Nafn og kennitala
02127-4589



Þorvaldur H. Gissurarson

Nafn og kennitala